



883. fundur stjórnar GSÍ, 15. desember 2016 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Theódór Kristjánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Helgi Anton Eiríksson, Jón Júlíus Karlsson og Eggert Á. Sverrisson. Hansína Þorkelsdóttir og Rósa Jónsdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarskiptabúnað (Skype). Brynjar Eldon Geirsson ritaði fundinn.

1. Ráðning afreksstjóra GSÍ

Helgi Anton Eiríksson formaður afreksnefndar fór yfir ráðningarferli sem hefur nú staðið yfir frá því í lok október.

Helgi kynnti niðurstöður afreksnefndar eftir viðtöl við þá einstaklinga sem komust í þriggja manna lokaúrtak af alls 50 umsóknum sem bárust. Helgi lagði fram þá tillögu afreksnefndar að Jussi Pitkanen yrði ráðinn í starfið og að loknum umræðum, samþykkti stjórn GSÍ tillöguna einróma. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson og Kristín Guðmundsdóttir höfðu fyrir fundinn sent forseta skriflegt samþykki við tillögunni.

Framkvæmdastjóra var falið að klára samning milli aðila og ganga frá honum innan viku frá samþykkt. Stjórn óskaði eftir því að nýr afreksstjóri yrði kynntur strax að lokinni undirritun ráðningarsamnings ásamt því að lokað yrði á umsóknarferli þeirra sem sóttu um starfið en ekki fengu.

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum og honum fundi slitið kl.18:40